

Almennar upplýsingar við greiningu

Við greiningu!

Greiningin á krabbameini getur valdið erfiðum tilfinningum og þá gleymist oft að spyrja um hlutina. Þessi bæklingur hjálpar þér við að spyrja réttu spurninganna og í hann getur þú skrifað helstu niðurstöður í greiningu.

Samráð við lækni

Þú þarft að ræða við æknirinn þinn um mögulegar meðferðir. Jafnvel þótt þú viljir afla upplýsinga á eigin spýtur, getur læknirinn þinn hjálpað þér við að koma skipulagi á hugsanir og þínar vangaveltur. Hann getur bent á upplýsingar á netinu, afhent bæklinga eða leiðbeint þér á annan hátt. Maki þinn eða annar aðstandandi getur í viðtalinu lagt lið með því að hlusta, spyrja spurninga og skrifa niður athugasemdir.

Val um meðferðir út frá þinni stöðu

Meðferðarmöguleikar ráðast mikið af því hvort krabbamein í blöðruhálskirtli sé staðbundið eða hafi breiðst út fyrir kirtilinn. Þú gætir haft valkosti varðandi meðferðir og/eða virkt eftirlit. Mikilvægt er að fá upplýsingar um stöðu krabbameins og þá kosti sem eru í stöðunni.

Farðu yfir spurningarnar í þessum bæklingi og athugaðu hvort þær geti gagnast þér í samtalinu við læknirinn þinn og við að átta þig á stöðunni og hvað sé framundan.

Framför auðveldar þér verkefnið

Við getum aðstoðað þig í þessu verkefni og auðveldað þér að takast á við það. Hjá okkur færðu ráðgjöf um mögulegar leiðir og sálfræðiráðgjöf í samstarfi við Ráðgjafabjónustuna.

Klukkan tifar!!!

Við getum tekið á stóru vandamálunum og breytt horfum karlmannna, fyrir þá sem eru í kringum þá og fyrir þá sem þeir munu skilja eftir sig. Sameinumst núna til að gera raunverulega gæfumun. **Karlmenntu, við erum með ykkur!**

Félag karlmannna með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Um Framför og fyrirvarar um notkun á upplýsingum

Um Framför

Framför er sjálfstætt krabbameinsfélag karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda. Félagið veitir upplýsingar, fræðslu og stuðning ásamt því að vera hagsmunaaðili fyrir félagsmenn. Upplýsingar eru settar fram í samstarfi við fagfólk og eru yfirfarnar af fagaðilum. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins www.framfor.is.

Fyrirvari varðandi upplýsingar

Hafðu alltaf samband við heimilislækni eða heilsugæslu varðandi áhyggjur af heilsu eða krabbameini í blöðruhálskirtli og vertu í samráði við þína lækna áður en þú byrjar eða hættir í meðferð, þ.m.t. lyfjanotkun. Upplýsingar í þessum bæklingi eru ekki ætlaðar til sjálfsgreiningar né koma þar í staðinn fyrir faglega læknisráðgjöf.



Framför er í samstarfi við Ljósíð endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð




Framför er í samstarfi við Félag þvægfæralækna á Íslandi



Framför er eitt af aðildarfélögum Krabbameinsfélags Íslands

Félag karlmannna með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is



Spurningar við greiningu á krabbameini í blöðruhálskirtli.

Nánari upplýsingar á www.framforiheilsu.is

Ráðgjöf án endurgjalds í síma 5515565 eða tölvupósti framfor@framfor.is

Spurningar varðandi þína krabbameinsgreiningu



- Geturðu útskýrt hvernig krabbamein í blöðruhálskirtli ég er með og hversu illvígt það er?
- Geturðu útskýrt hvað PSA og Gleason tölurnar mínar þýða?
- Lítur út fyrir að krabbameinið sé staðbundið í blöðruhálskirtlinum eða hefur það dreift sér.
- Þarf ég aðrar greiningar til að hjálpa mér að ákveða hvaða meðferð ég þarf?

PSA:

Gleason:

Þéttleiki:

Spurningar varðandi meðferðarmöguleika



- Geturðu útskýrt þá meðferðarmöguleika sem standa mér til boða og kosti þeirra og galla?
- Getur þú sagt mér hvaða aukaverkanir fylgja hverri meðferð og hvort þær minnki með tímanum?
- Hver eru áhrif mismunandi meðferða í bata, tíma frá vinnu, þörf fyrir umönnun og langvarandi aukaverkanir?
- Hvar get ég fengið aðstoð við að meta mína kosti í stöðunni og til að taka ákvörðun?
- Ef fyrsta meðferðin gengur ekki upp, hver væru þá næstu skref hjá mér í þeirri stöðu?

Aðrir sérfræðingar og annað álit:

- Það er eðlilegt að vilja fá aðra skoðun. Þú getur fengið álit hjá öðrum sérfræðingum: helst aðila með reynslu af meðferðum við krabbamein í blöðruhálskirtli.
- Læknirinn þinn getur vísað þér til annarra sérfræðinga um stöðuna á þínu krabbameini s.s. þvægfæraskurðlækna, sérfræðinga í lyfjameðferð eða geislasérfræðinga.
- Ef þér líður ekki vel með að spyrja læknirinn þinn getum við hjá Framför aðstoðað þig.

Ráðgjöf og stuðningur við greiningu



Upplýsingar við greiningu

Krabbameinsfélagið Framför býður upp á viðtal um stöðuna við greiningu á krabbameini í blöðruhálskirtli og til að fá nánari upplýsingar um næstu skref. Á vefsíðunni www.framforiheilsu.is eru góðar upplýsingar fyrir þá sem greinast og þeirra maka og aðstandendur.

Ráðgjöf og jafningjastuðningur

Krabbameinsfélagið er með ókeypis ráðgjöf fyrir einstaklinga, hjón og fjölskyldur og veitir stuðning bæði frá jafningjum og fagfólki; sálfræðingi, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga. Krabbameinsfélagið starfrækir með aðildarfélögum sínum stuðningsnet til að komast í samband við fólk sem hefur svipaða reynslu, vegna eigin veikinda og sem aðstandendur.

Endurhæfing

Ljósíð er með fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning fyrir þá sem hafa farið í meðferð við krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra aðstandendur. Boðið er upp á sérhæfða endurhæfingu og stuðning, þar sem fagfólk aðstoðar við að byggja upp líkamlegt og andlegt þrek og stuðning við að setja sér markmið sem auka daglega virkni og hafa þannig áhrif á lífsgæði almennt.